



REKSTRARLEYFI

Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.

Leyfishafi: Fiskeldi Austfjarða hf.

Kennitala: 520412-0930

Aðsetur: Nesbala 122
170 Seltjarnarnes

Rekstrarleyfisnúmer: FE-1138

Leyfið gildir til: 21.3.2029

Starfsemi:

í gildi frá:

AE 1 - Lax / Salmo Salar

5.5.2021¹

AE 1 – Lax / Salmo Salar – ófrjór

5.5.2021¹

Kynslóðaskipt sjókvíaeldi í Berufirði. Hámarkslífmassi 9.800 t (þar af 7.500 t af frjóum laxi og 2.300 t af ófrjóum laxi)². Frjór lax: SAGA-stofn, ófrjór laxastofn: StofnFiskur. Sjókvíeldissvæði A (Svarthamrar/Glímeyri/Svarthamarsvík) og B (Hamraborg I og Hamraborg II).

Svæði

Punktar

Glímeyri A

1. 64° 43.374'N 14° 23.774'W, 2. 64° 43.912'N 14° 24.028'W,
3. 64° 43.999'N 14° 23.411'W, 4. 64° 43.575'N 14° 23.080'W,

Svarthamarsvík A

1. 64° 41.919'N 14° 23.004'W, 2. 64° 42.175'N 14° 23.284'W,
3. 64° 42.613'N 14° 22.387'W, 4. 64° 42.226'N 14° 21.643'W,

Svarthamrar A

1. 64° 43.550'N 14° 23.160'W, 2. 64° 42.690'N 14° 22.230'W,
3. 64° 42.175'N 14° 23.280'W, 4. 64° 43.370'N 14° 23.780'W,

Hamraborg I B

1. 64° 41.540'N 14° 16.990'W, 2. 64° 41.260'N 14° 15.930'W,
3. 64° 41.200'N 14° 14.040'W, 4. 64° 40.690'N 14° 14.280'W,
5. 64° 40.750'N 14° 16.520'W, 6. 64° 41.030'N 14° 17.540'W,

Hamraborg II B

1. 64° 42.140'N 14° 19.210'W, 2. 64° 41.920'N 14° 18.360'W,
3. 64° 41.400'N 14° 18.920'W, 4. 64° 41.660'N 14° 19.800'W,

¹Rekstrarleyfið var upphaflega gefið út 21.3.2019

²Rekstrarleyfið var upphaflega gefið út fyrir 6.000 tonn af frjóum laxi og 3.800 tonn af ófrjóum en var breytt skv. breytingu á áhættumati útgefnu 2020.

Eldi ófrjórra laxa (geldstofn) er bundið því skilyrði að aðferðir, sem notaðar eru til að hindra að eldisfiskur framleiði frjóar kynfrumur, uppfylli ákvæði laga nr. 55/2013 og reglugerðar nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdónum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum.

Rekstrarleyfið er gefið út miðað við fyrilliggjandi mat Hafrannsóknastofnunar á burðarþoli og áhættumati vegna erfðablöndunar. Heimilt er að endurskoða forsendur leyfisins ef breytingar verða á burðarþolsmati og/eða áhættumati Hafrannsóknastofnunar.

Rekstrarleyfið er bundið við, komi til þess að eldið sé stundað samhliða eldi annarra aðila, að leyfishafi lýsi yfir að hann viðhafi samræmda útsetningu seiða og hvíld eldissvæða innan sjókvíaelðissvæðis. Jafnframt er rekstrarleyfið bundið við að leyfishafi vinni, í súlikum tilvikum og eftir atvikum, með öðrum leyfishöfum sameiginlega að sjúkdómavörnum, viðbrögðum við sjúkdómum og vöktun laxalíðar.

Rekstrarleyfishafi skal við eldi frjórra laxa notast við ljósastýringu, þ.e. hafa kveikt ljós í kvíum meðan dagsbirtu gætir ekki frá 20. september til 20. mars. Við útsetningu frjórra seiða og þar til fiskur er orðin að meðaltali yfir eitt kíló skal möskvastærð í kvíum vera að hámarki 18 mm (leggengd möskvans). Frjó seiði sem sett eru út í kvíar skulu vera yfir 56 gr.

Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldiss töðvarinnar. Útsetning seiða á eldissvæði skal taka mið af umhverfisaðstæðum eldissvæðisins á hverjum tíma.

Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem hefur ástæðu til að ætla að hann hafi misst eldisfisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna súlikan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga.

Rekstrarleyfishafi ber skyldu til að halda skrá yfir uppruna eldislaxa, sem byggir á gagnagrunni um erfðaefni hjá framleiðanda hrognar.

Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og eldssvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.

Gildistaka rekstrarleyfis er háð úttekt Matvælastofnunar. Gildistaka rekstrarleyfis sjókvíaeldis er háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvarskírteini útgefnu af faggiltri skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð áður en rekstur hefst.

Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 1254/2008 (sem innleiðir tilskipun 2006/88/EB) um heilbrigðiskröfur að því er vardar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknunum sjúkdómum í lagardýrum og ber rekstrarleyfishafa uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.

Vigdís Sigurðardóttir
Vigdís Sigurðardóttir, sérfræðingur fiskeldis

